

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 5/2018

2019/EES/98/05

frá 9. febrúar 2018

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/736 frá 26. apríl 2017 um breytingu á VIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar samþykki fyrir landsbundinni varnaráætlun Slóveníu vegna dæmigerðrar riðuveiki ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1396 frá 26. júlí 2017 um breytingu á viðaukanum við ákvörðun 2007/453/EB að því er varðar stöðu Póllands og tiltekinnna svæða í Bretlandi með tilliti til kúariðu ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1:

„– **32017 R 0736:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/736 frá 26. apríl 2017 (Stjtið. ESB L 110, 27.4.2017, bls. 2).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 49. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB) í hluta 7.2:

„– **32017 D 1396:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1396 frá 26. júlí 2017 (Stjtið. ESB L 197, 28.7.2017, bls. 9).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/736 og framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2017/1396, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. febrúar 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 110, 27.4.2017, bls. 2.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 197, 28.7.2017, bls. 9.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.